

HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2025

Vöktun á stofnum laxfiska

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

Vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2025. Vöktun á stofnum laxfiska.

Höfundar	Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson
Unnið fyrir	Veiðifélag Laxár í Leirársveit
Verkefnisstjóri	Jóhannes Guðbrandsson
Yfirfarið af	Friðþjófur Árnason
Samþykkt af	Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri Ferskvatns- og eldissviðs

Haf- og vatnarannsóknir / Marine and Freshwater Research in Iceland

Númer	HV 2026-08	ISSN	2298-9137
Dagsetning	29. apríl 2026	Dreifing	Opin
Fjöldi síðna	30	Verknúmer	8953

© Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Ágrip

Á vatnasvæði Laxár í Leirársveit (Laxá, Þverá og Selós) veiddust samtals 525 smálaxar, 122 stórlaxar, 267 urriðar, sex bleikjur og þrír hnúðlaxar. Öllum stórlöxum var sleppt úr veiðinni og stórum hluta smálaxa (74,7%). Hrygnur voru í minnihluta, bæði hjá smálöxum (42,1%) og stórlöxum (41,0%). Rúmlega helmingi urriða var sleppt (50,9%). Laxveiðin í Laxá 2025 (megináin) dróst saman um 30% á milli ára og var 36,3% undir meðalveiði og er þetta tíunda árið í röð sem veiðin er undir meðaltalveiði. Veiði á urriða í Laxá 2025 meira en tvöfaldaðist á milli ára og var 44,6% yfir meðalveiði og er þetta mesta veiði á urriða í ánni á 20 ára tímabili.

Ganga laxfiska um myndavélateljarann í Eyrarfossi var skráð frá 20. júní – 6. október og var nettó ganga upp fyrir teljarann 1.813 urriðar, 720 smálaxar og 157 stórlaxar. Þetta er stærsta ganga, bæði hjá urriða og laxi, sem skráð hefur verið frá því teljarinn var tekinn í notkun 2020. Helmingur urriðanna gekk í júlí og ríflega þriðjungur í ágúst. Af heildargöngu smálaxa var gangan mest í júlí og drjúg í ágúst. Stórlaxar gengu að megninu til í júlí. Veiðihlutfall á laxi og urriða ofan teljarans í Eyrarfossi var undir meðaltali (2020 – 2025), þ.e. 5,3% á urriða en 20% á laxi. Reiknaður hrognafjöldi á svæðinu ofan við Eyrarfoss var 2,53 milljónir hroгна (23,3 hrogn/m²) og er sá mesti sem reiknaður hefur verið frá árinu 2020 og var hlutfall stórlaxahroгна af heildarfjöldanum 26,6%.

Seiðavísitala 0+ og 1+ laxaseiða var í báðum tilfellum lítillega lægri en meðaltalið (1993 – 2025) og vísitala 2+ seiðanna var langt undir meðaltali. Lítil þéttleiki mælist jafnan af 3+ laxaseiðum á vatnasvæðinu. Seiðavísitala 0+ urriðaseiða var lítillega undir meðaltali og vísitala 1+ seiðanna var lítillega yfir meðaltali. Lítil þéttleiki mælist jafnan af eldri urriðaseiðum á vatnasvæðinu. Meðallengd 0+ og 2+ laxaseiða var lítillega meiri en meðaltal áráanna 1993 – 2025 en 1+ seiðin voru 0,2 cm undir meðaltali og elstu seiðin (3+) voru 0,6 cm yfir meðaltali. Yngstu urriðaseiðin (0+) voru lítillega yfir meðaltali og 1+ seiðin voru jöfn meðaltalinu.

Lykilorð: Laxá, Selós, Þverá, stangveiði, lax, urriði, sjóbirtingur, seiðamæling, hrognafjöldi, vatnshiti, veiðiskráning, veiðihlutfall, fisktalning, myndavélateljari

Efnisyfirlit

1 Inngangur	3
2 Framkvæmd	5
2.1 Stangveiði.....	5
2.2 Fisktalning og veiðihlutfall.....	5
2.3 Hrognatölur.....	5
2.4 Hreistursýni.....	6
2.5 Seiðamælingar.....	6
2.6 Vatnshiti.....	7
3 Niðurstöður	8
3.1 Stangveiði.....	8
3.2 Fisktalning og veiðihlutfall.....	11
3.3 Hrognatölur.....	14
3.4 Hreistursýni.....	14
3.5 Seiðamælingar.....	15
3.6 Vatnshiti.....	19
Umræður	20
Þakkarorð	23
Heimildir	24
Viðauki 1. Hreistur tekið af lifandi fiski	26
Viðauki 2. Heiti og staðsetning stöðva í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit árið 2024	26
Viðauki 3. Stangveiðin í Laxá í Leirársveit 2025 sundurliðuð eftir veiðistöðum og tegundum. 27	
Viðauki 4: Lengdardreifing tegunda í stangveiðinni á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2025	28
Viðauki 5. Stangveiðin í Laxá í Leirársveit 2025 tekin saman eftir tegundum og vikuveiði	29
Viðauki 6: Lengdardreifing laxa- og urriðaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2025	30

Myndaskrá

1. mynd. Hreisturtökustaður á laxi.....	6
2. mynd. Kort af vatnasvæði Laxár í Leirársveit.....	7
3. mynd. Stangveiði á laxi í Laxá í Leirársveit frá 1985 – 2025.	10
4. mynd. Stangveiði á urriða í Laxá í Leirársveit frá 1987–2025.	11
5. mynd. Stangveiði í Selósi og Þverá í Svínadal frá 2009 – 2025.	11
6. mynd. Heildarganga (upp og niður) laxfiska um teljarann í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit 2025.	12
7. mynd. Lengdardreifing á laxi (nettó ganga) upp fyrir teljarann í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit 2025.	12
8. mynd. Lengdardreifing á urriða (nettó-ganga) upp fyrir teljarann í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit 2025. Óþekkt = ekki greint á milli sjóbirtings og lax.	13
9. mynd. Meðallengd aldurshópa laxaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit á árunum 1993 – 2025.	16
10. mynd. Meðallengd aldurshópa urriðaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit á árunum 1993 – 2025.....	17
11. mynd. Seiðavísitala (fj/100 m ²) aldurshópa laxaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 1993 – 2025.....	18
12. mynd. Seiðavísitala (fj/100 m ²) aldurshópa urriðaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit á árunum 1993 – 2025.	18
13. mynd. Frávik vatnshita (°C) í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit (mánaðarmeðaltöl) frá meðalvatnshita á mánuði tímabilið 2003 – 2025.....	19

Töfluskrá

Tafla 1. Stangveiði á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2025 (Laxá, Selós, Þverá), skipt eftir tegundum (og sjávaraldri á laxi). Sýnd er skipting veiðinnar í fjölda landaðra fiska (afli) og fjölda sem sleppt er auk heildarveiði af hverri gerð.	8
Tafla 2. Stangveiði (fjöldi fiska) árið 2025 eftir tegundum og sjávaraldri á laxi á vatnasvæði Laxár í Leirársveit.....	8
Tafla 3. Laxveiðinni (fjöldi) á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2025 skipt eftir aldri í sjó og kyni þar sem mæld og áætluð meðalþyngd (kg) og meðallengd (cm) er sýnd auk heildarþyngdar fyrir smálax/stórlax.....	9
Tafla 4. Stangveiði á bleikju, hnúðlaxi og urriða (fjöldi) á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2025 skipt eftir kyni þar sem mæld og áætluð meðalþyngd (kg) og meðallengd (cm) er sýnd auk heildarþyngdar hvorrar tegundar.....	9
Tafla 5. Ganga laxfiska (nettó ganga) eftir mánuðum upp fyrir teljarann í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit 2025. Óþekkt=ekki greint á milli sjóbirtings og lax.	13
Tafla 6. Stangveiði, fisktalning og reiknað veiðihlutfall á vatnasvæðinu ofan teljarans í Eyrarfossi (2020 – 2025). Um er að ræða Laxá ofan við foss, Selós og Þverá.....	13

Tafla 7. Hrognamagn reiknað á efra vatnasvæði Laxár í Leirársveit, ofan Eyrarfoss (Laxá, Selós og Þverá), haustið 2025.....	14
Tafla 8. Útreikningar á fjölda laxahrogna ofan fiskvegarins í Eyrarfossi árin 2020 – 2025.	14
Tafla 9. Niðurstöður rannsókna á hreistri af löxum úr Laxá í Leirársveit 2025.	15
Tafla 10. Niðurstöður rannsókna á hreistri af urriða (sjóbirting) úr Laxá í Leirársveit 2025. ...	15
Tafla 11. Meðallengd (MI), fjöldi (Fj) og staðalfrávik lengdar (St.dev) aldurshópa laxaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 14. og 19. ágúst 2025.	15
Tafla 12. Meðallengd (MI), fjöldi (Fj) og staðalfrávik lengdar (St.dev) aldurshópa urriðaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 14. og 19. ágúst 2025.	16
Tafla 13. Meðallengd (MI), fjöldi (Fj) og staðalfrávik lengdar (St.dev) aldurshópa bleikuseiða og hornsíla í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 14. og 19. ágúst 2025.....	16
Tafla 14. Seiðavísitala (fjöldi seiða/100 m ²) laxa, urriða, bleikja og hornsíla í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 14. og 19. ágúst 2025.....	17
Tafla 15. Meðaltals holdastuðull (K) aldurshópa laxa-, urriða- og bleikjuseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 14. og 19. ágúst 2025.....	18

1 Inngangur

Upptök Laxár í Leirársveit eru að mestu rakin til þriggja stöðuvatna í Svínadal. Efst er Geitabergsvatn (0,93 km²), í miðið er Glammastaðavatn (einnig nefnt Þórisstaðavatn) (1,37 km²) og neðst er Eyrarvatn (0,82 km²) en Laxá rennur úr vestanverðum enda vatnsins, 14,7 km leið út í Grunnafjörð (Sigurjón Rist, 1990). Í Eyrarfossi sem er ofarlega í Laxá (u.þ.b. 2 km neðan við Eyrarvatn) er fiskvegur sem fyrst var byggður árið 1950 en endurgerður árið 1975 (Hafðís Hauksdóttir, 1999). Fyrir þessa framkvæmd var fossinn ófær uppgöngufiskum. Fiskgengir árhlutar vatnasvæðisins lengdust úr 12,5 km í um 22,5 km, frá ósi í Grunnafirði að ófiskgengum fossi í Draghálsá (Sigurður Már Einarsson, 1998). Nokkrar hliðarar af dragáruppruna eru á fiskgenga hluta vatnasvæðisins (Sigurjón Rist, 1990) og nýtast þær sem hrygningar- og uppeldissvæði fyrir laxfiska. Þetta eru árnar Draghálsá, Kúvallará, Glammastaðaá, Grjótá, Súluá og Skarðsá (2. mynd). Tvær stuttar ár tengja stöðuvötnin saman; annars vegar Þverá sem rennur á milli Geitabergsvatns og Glammastaðvatns og hins vegar Selós sem rennur á milli Glammastaðvatns og Eyrarvatns.

Á vatnasvæðinu er stunduð stangveiði á laxi og silungi. Í Laxá sem jafnframt er megináin á vatnasvæðinu er meðalveiði á laxi 938 fiskar (1985 – 2024) og 151 urriði (1987 – 2024) (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2025). Smálax er ríkjandi í laxveiðinni en urriðaveiðin samanstendur af staðbundnum stofni og sjógöngustofni (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2021). Fjöldi merktra veiðistaða í Laxá er 58 en þar af eru 9 veiðistaðir á svæðinu ofan við Eyrarfoss að Eyrarvatni. Veiðitímabilið í Laxá er frá 15. júní – 24. september og leigðar eru út 4 – 7 stangir, mismargar innan veiðitímans. Fluga er eina leyfilega agnið og heimilt er að veiða 10 laxa á dag á stöng (5 á hvorri vakt) og þar af má landa fjórum smálöxum (2 á hvorri vakt) en öðrum löxum skal sleppt. Öllum laxi 68 cm og stærri er skylt að sleppa og sleppa skal öllum laxi ofan við Eyrarfoss eftir 1. september (Sigurður Sigurðsson, tölvupóstur 16. júlí 2024).

Fjöldi merktra veiðistaða í Selósi er 9 og í Þverá 13 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2013) og er fluguveiði leyfð á tímabilinu 30. júní – 28. september á eina stöng í hvorri á. Heimilt er að veiða fjóra laxa á stöng í hvorri á og þar af má landa einum smálaxi en öllum laxi 68 cm og stærri er skylt að sleppa (Sigurður Sigurðsson, tölvupóstur 16. júlí 2024).

Í Draghálsá er fluguveiði leyfð á eina stöng frá 15. júlí – 28. september og er heimilt að veiða fjóra laxa á dag en öllum skal sleppt (Sigurður Sigurðsson, tölvupóstur 16. júlí 2024).

Stangveiði er leyfð í vötnunum þremur á tímabilinu 1. apríl – 24. september og mest er um staðbundna bleikju og urriða en einnig er veiðivon á laxi og sjóbirtingi. Stangafjöldi er ótakmarkaður og leyfilegt agn er fluga, maðkur og spúnn en veiði á laxi takmarkast við tvo laxa á stöng á dag og skal öðrum þeirra sleppt. Eftir 1. september skal sleppa öllum laxi (Sigurður Sigurðsson, tölvupóstur 16. júlí 2024). Takmarkaðar upplýsingar eru til í veiðigagnagrunni um veiði í vötnunum í Svínadal.

Útbreiðsla laxfiska, vöxtur og þéttleiki seiða eru þættir sem hafa verið rannsakaðir á vatnasvæði Laxár í Leirársveit á hverju ári frá 1993 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir o.fl., 2025a). Stærð og gæði búsvæða straumvatna á vatnasvæðinu voru metin árið 1998 (Sigurður Már Einarsson, 1998) og þau endurskoðuð árið 2013 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2013).

Ganga laxfiska um fiskteljara í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit hefur verið skráð frá árinu 2000 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir ofl., 2025a). Laxá er eitt þeirra vatnsfalla sem heyra til vöktunarnets þar sem metin eru hugsanleg áhrif vaxandi sjókvíaeldis hér við land, á íslenska laxastofna (Ragnar Jóhannsson ofl., 2017). Af því tilefni var myndavéarteljari tekinn í notkun sumarið 2020 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2021) og leysti hann eldri teljara af hólmi sem tók eingöngu skuggamyndir af fiskum. Með myndgreiningu á göngunni gefst kostur á að greina fiska með nákvæmni til tegunda og einnig að greina þá fiska sem bera ytri eldiseinkenni og kunna að hafa sloppið úr sjókvíaeldi.

Reglubundin skráning á vatnshita með siritandi hitamæli í fiskveginum í Eyrarfossi hófst um mitt ár 2003 og hafa niðurstöður verið kynntar í skýrslum (Ásta Kristín Guðmundsdóttir ofl., 2025a).

Í þessari skýrslu verða niðurstöður fiskirannsóknna ársins 2025 á vatnasvæði Laxár í Leirársveit kynntar.

2 Framkvæmd

2.1 Stangveiði

Upplýsingar um stangveiði ársins 2025 á vatnasvæði Laxár í Leirársveit voru fengnar úr veiðigagnagrunni Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu. Í veiðigagnagrunninum eru mörkin á milli smálaxa (eitt ár í sjó) og stórlaxa (tvö ár í sjó) skilgreind óháð kyni. Þannig var fiskur minni eða jafnt og 69 cm áætlaður smálax en stórlax voru áætlaðir allir fiskar 70 cm og lengri. Mæld og áætluð meðalþyngd og -lengd hvers hóps um sig var tilgreind auk þess sem kynjahlutföll voru tilgreind. Þegar fjallað er um vatnasvæði Laxár í Leirársveit í þessari skýrslu er átt við samanteknar upplýsingar um veiðina í ánum Laxá, Selósi og Þverá. Ef fjallað er um einstaka á eða árhluta er það tekið fram.

Stangveiðin (fjöldi fiska) á vatnasvæðinu var sundurliðuð eftir tegund og því hvort fiski var landað (afli) eða sleppt (veitt og sleppt) og laxveiðinni var skipt upp í smálax og stórlax. Samskonar greining var gerð fyrir einstaka ár eða árhluta og var sett fram á fjóra vegu: fyrir meginána Laxá, fyrir þann hluta Laxár sem liggur frá Eyrarfossi að Eyrarvatni, fyrir Selós og fyrir Þverá.

Langtímagögn um stangveiðina í Laxá voru fengin úr gagnagrunni Hafrannsóknastofnunar. Laxveiðin í Laxá 2025 var borin saman við laxveiðina tímabilið 1974 – 2024 og urriðaveiðin í Laxá 2025 var borin saman við veiðina í Laxá tímabilið 1987 – 2024. Stangveiðin í Selósi og Þverá var borin saman við veiðina tímabilið 2009 – 2024.

2.2 Fisktalning og veiðihlutfall

Þann 28. maí 2025 var fiskteljara með myndavélabúnaði (Árvaki) til talningar og greiningar á göngufiski komið fyrir í fiskveginum í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit. Fiskvegurinn er jafnan opnaður um 20. júní en búnaðurinn var tekinn upp 7. október. Búnaði og virkni hans hefur áður verið lýst (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2021). Góð tengsl eru á milli hæðar (þykktar) og lengdar laxfiska. Lengdardreifing laxa í teljaragögnum var borin saman við lengdardreifingu þeirra í stangveiðinni. Í framhaldinu var stuðullinn 5,5 notaður til að ákvarða lengd laxa í göngunni um teljarann ($\text{lengd}=5,5 \cdot \text{þykkt}$). Stuðullinn 5,0 ($\text{lengd}=5,0 \cdot \text{þykkt}$) var notaður til að ákvarða lengd urriða í göngunni (Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson og Ingi Rúnar Jónsson, 2014). Skilin á milli smálaxa (1 ár í sjó) og stórlaxa (2 ár í sjó) voru ákvörðuð á sama hátt og í veiðigögnum, þ.e. að laxar ≤ 69 cm væru smálaxar og laxar ≥ 70 cm væru stórlaxar. Öll úrvinnsla og framsetning á stærð göngunnar miðast við nettó göngu nema annað sé tekið fram, þ.e. fjöldi fiska sem gekk upp fyrir teljarann að frádregnum þeim fjölda sem gekk niður fyrir hann.

Veiðihlutfall (veiði/ganga) var reiknað á svæðinu ofan teljarans en þar er átt við stangveiðina á veiðistöðum 31 – 36 í Laxá auk veiðinnar í Selósi og Þverá. Veiðihlutfallið er borið saman við meðaltal árána 2020 – 2025. Lax veiðist einnig í vötnunum í Svínadal, en sú veiði er lítið eða ekki skráð og því utan við þau gögn sem hér um ræðir.

2.3 Hrognatölur


Heildarfjöldi hrogna í hrygningarstofni laxa á svæðinu ofan við Eyrarfoss árið 2025 var reiknaður út frá mati á fjölda lifandi hrygna að veiðitíma loknum. Gert var ráð fyrir sama kynjahlutfalli í göngunni og fram kom í veiðiskýrslunni og á þann hátt var heildarfjöldi hrygna reiknaður, bæði smálaxa og stórlaxa,

sem gekk upp fyrir teljarann. Fjöldi landaðra hrygna ofan teljarans (í Laxá, Selósi og Þverá) var dreginn frá þeirri stærð og var þá fjöldi eftirlifandi hrygna þekktur. Út frá sambandi hrognafjölda og þyngdar hjá smálaxi og stórlaxi (Þórólfur Antonsson, Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson, 2002) var fjöldi hrogn hjá hverri hrygnu reiknaður og stuðst var við áætlaða þyngd hrygna úr veiðinni á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2025. Reiknaður var út fjöldi hrogn á hvern fermetra aðgengilegra farvega í straumvatni ofan við Eyrarfoss en flatarmál þeirra er samtals 108.571 m² (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2013). Hlutfall stórlaxahrogn af heildarhrognafjöldanum var reiknað. Fjöldi hrogn var borinn saman við meðaltal árána 2020 – 2025.

2.4 Hreistursýni

Veiðimenn tóku hreistursýni af hluta veiðinnar úr Laxá í Leirársveit. Hreistrið var tekið af fiskinum rétt aftan bakugga, ofan hliðarrákar og komið fyrir í umslagi, merktu með helstu upplýsingum um fiskinn, þ.e. veiðivatn, veiðistað, dagsetningu veiðinnar, tegund, kyn og lengd fisksins (1. mynd; Viðauki 1). Bent er á greinagóðar upplýsingar inn á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar um aðferðir við hreistursýnatöku og tilgang rannsókna og fylgir hér linkur á leiðbeiningarnar. Í Viðauka 1 er aðferðum lýst þegar hreistur er tekið af lifandi fiski.


<https://www.hafogvatn.is/is/rannsoknir/stangveidi/hreistursynataka>.



1. mynd. Hreisturtökustaður á laxi sýndur með rauðum ferhyrningi, rétt aftan bakugga, ofan hliðarrákar. Einnig er sýnt hvernig lengd fisksins er mæld, frá snoppu aftur að sporðsýlingu.

2.5 Seiðamælingar

Seiðamælingar voru gerðar með rafveiði á 7 stöðvum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit dagana 14. og 19. ágúst 2025 (2. mynd; Viðauki 2). Aðferðum við rafveiðar og sýnatöku hefur áður verið lýst (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2011). Við úrvinnslu gagna var meðallengd (cm) allra aldurshópa seiða af hverri tegund reiknuð og borin saman við langtímameðaltal. Vísitala seiðapétteleika (fjöldi seiða á hverja 100 m² af botnfleti áránnar í einni umferð í rafveiði) var reiknuð fyrir alla aldurshópa af hverri tegund, á hverri stöð og fyrir allar stöðvar í heild og borin saman við langtímameðaltal (1993 – 2025). Holdastuðull (K) var reiknaður fyrir alla aldurshópa seiða hveðrar tegundar (Holdastuðull = þyngd/lengd³*100) (Bagenal og Tesch, 1978). Holdastuðull nærri 1,0 hjá laxa- og urriðaseiðum og um 0,9 hjá bleikjuseiðum lýsir seiðum í meðalholdum.



2. mynd. Kort af vatnasvæði Laxár í Leirársveit. Veiðisvæðin Laxá, Selós og Þverá eru auðkennd auk hliðaráa og stöðuvatna. Staðsetning rafveiðistöðva í seiðamælingum árið 2025 er sýnd með númerum og bent er á staðsetningu fiskteljarans í Eyrarfossi.

2.6 Vatnshiti

Vatnshiti hefur verið skráður í Laxá með síritandi hitamæli frá júlí 2003 – september 2025. Mælirinn er af gerðinni DST centi-T og mælir á einnar klst. fresti og er hann staðsettur í hólfi í fiskveginum í Eyrarfossi (Viðauki 2). Niðurstöður mælinga voru sóttar í vatnshitagrunn Hafrannsóknastofnunar. Mælingar vantar fyrir tímabilið júní 2016 til og með júní 2017.

3 Niðurstöður

3.1 Stangveiði

Á vatnasvæði Laxár í Leirársveit veiddust samanlagt 525 smálaxar, 122 stórlaxar, 267 urriðar, sex bleikjur og þrír hnúðlaxar (Tafla 1). Öllum stórlöxum var sleppt úr veiðinni og stórum hluta smálaxa (74,7%). Rúmlega helmingi urriða af heildarveiði var sleppt (50,9%).

Tafla 1. Stangveiði á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2025 (Laxá, Selós, Þverá), skipt eftir tegundum (og sjávaraldri á laxi). Sýnd er skipting veiðinnar í fjölda landaðra fiska (afli) og fjölda sem sleppt er auk heildarveiði af hverri gerð.

Tegund	Afli	Sleppt	Veiði	Sleppt (%)
Bleikja	3	3	6	50,0
Hnúðlax	2	1	3	33,3
Smálax	133	392	525	74,7
Stórlax	0	122	122	100,0
Lax alls	133	514	647	79,4
Urriði	131	136	267	50,9

Af heildarveiði á laxi og urriða í Laxá veiddist rúmlega 20% af hvorri tegund um sig á svæðinu milli Eyrarfoss og Eyrarvatns (Tafla 2). Í Selósi og Þverá veiddust samanlagt 49 laxar (41 smálax; 8 stórlaxar) sem er um 7,6% af heildarveiði í ánum þremur og 53 urriðar sem eru tæp 20% af heildarveiði (Tafla 2).

Tafla 2. Stangveiði (fjöldi fiska) árið 2025 eftir tegundum og sjávaraldri á laxi á vatnasvæði Laxár í Leirársveit. Sýnd er annarsvegar heildarveiði í Laxá og hinsvegar veiði í Laxá milli Eyrarfoss og Eyrarvatns auk þess sem sýnd er veiðin í Selósi og Þverá í Svínadal. Hlutdeild sleppinga (veitt og sleppt) af heildarveiði á hverju svæði er reiknuð.

Veiði	Laxá (öll áin)				Laxá ofan Eyrarfoss			
	Afli	Sleppt	Veiði	% sleppt	Afli	Sleppt	Veiði	% sleppt
Lax 1 ár í sjó	124	360	484	74,4	10	89	99	89,9
Lax 2 ár í sjó	0	114	114	100,0	0	27	27	100,0
Lax alls	124	474	598	79,3	10	116	126	92,1
Urriði	96	118	214	55,1	19	24	43	55,8
Bleikja	3	3	6	50,0				
Hnúðlax	2	1	3	33,3				

Veiði	Selós				Þverá			
	Afli	Sleppt	Veiði	% sleppt	Afli	Sleppt	Veiði	% sleppt
Lax 1 ár í sjó	5	19	24	79,2	4	13	17	76,5
Lax 2 ár í sjó	0	4	4	100,0	0	4	4	100,0
Lax alls	5	23	28	82,1	4	17	21	81,0
Urriði	26	9	35	25,7	9	9	18	50,0

Í laxveiðinni á vatnasvæði Laxár í Leirársveit voru hrygnur í minnihluta, bæði hjá smálöxum (42,1%) og stórlöxum (41,0%) (Tafla 3). Áætluð meðalþyngd smálaxa var 2,60 kg og meðallengd þeirra var 61,6 cm. Áætluð meðalþyngd stórlaxa var 4,61 kg og meðallengd þeirra var 75,4 cm (Tafla 3).

Tafla 3. Laxveiðinni (fjöldi) á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2025 skipt eftir aldri í sjó og kyni þar sem mæld og áætluð meðalþyngd (kg) og meðallengd (cm) er sýnd auk heildarþyngdar fyrir smálax/stórlax.

Kyn	Fjöldi	Mæld_meðalþyngd	Áætluð_meðalþyngd	Mæld_meðallengd	Áætluð_meðallengd	Heildarþyngd	Kyn (%)
Smálax							
Hængur	301	2,68	2,70	62,43	62,43	812,44	57,88
Hrygna	219	2,49	2,48	60,49	60,49	543,84	42,12
Óþekkt	5	2,38	2,07	56,00	56,00	10,35	
Alls	525	2,60	2,60	61,56	61,56	1.366,63	
Stórlax							
Hængur	72	4,57	4,57	75,11	75,11	329,33	59,02
Hrygna	50	4,67	4,67	75,72	75,72	233,42	40,98
Alls	122	4,61	4,61	75,36	75,36	562,75	


Helmingur bleikjanna var kyngreindur (einn hængur og tvær hrygnur) og áætluð meðalþyngd þeirra var 1,77 kg og meðallengd 53,2 cm. Hnúðlaxarnir (allir hængur) voru með áætlaða meðalþyngd 1,80 kg og meðallengd þeirra var 54,0 cm. Um helmingur urriða í veiðinni var kyngreindur og voru hrygnur í minnihluta (43,1%). Áætluð meðalþyngd urriða var 1,55 kg og meðallengd þeirra var 50,0 cm (Tafla 4).

Tafla 4. Stangveiði á bleikju, hnúðlaxi og urriða (fjöldi) á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2025 skipt eftir kyni þar sem mæld og áætluð meðalþyngd (kg) og meðallengd (cm) er sýnd auk heildarþyngdar hvorrar tegundar.

Kyn	Fjöldi	Mæld_meðalþyngd	Áætluð_meðalþyngd	Mæld_meðallengd	Áætluð_meðallengd	Heildarþyngd	Kyn (%)
Bleikja							
Hængur	1	3,00	3,00	65,00	65,00	3,00	33,33
Hrygna	2	1,25	1,25	48,00	48,00	2,50	66,67
Óþekkt	3	1,70	1,70	52,67	52,67	5,10	
Alls	6	1,77	1,77	53,17	53,17	10,60	
Hnúðlax							
Hængur	3	1,80	1,80	54,00	54,00	5,40	100,00
Alls	3	1,80	1,80	54,00	54,00	5,40	
Urriði							
Hængur	78	1,92	1,81	53,13	53,13	140,99	56,93
Hrygna	59	1,82	1,71	51,76	51,76	101,02	43,07
Óþekkt	130	1,33	1,32	47,28	47,28	171,38	
Alls	267	1,60	1,55	49,98	49,98	413,38	


Lengdardreifing á bleikju í stangveiðinni var frá 46 – 65 cm og hnúðlaxarnir voru frá 50 – 61 cm (Viðauki 4). Laxveiðin dreifðist frá 40 – 94 cm og skiptist eins og komið hefur fram í smálax/stórlax við 70 cm og urriðaveiðin dreifðist frá 20 – 85 cm en flestir urriðar voru á bilinu 40 – 60 cm (Viðauki 4).

Laxveiðin í Laxá í Leirársveit 2025 (598 fiskar) dróst saman um 30,5% á milli ára og var 36,3% undir meðalveiði (1974 – 2024; 939 fiskar) (3. mynd). Þetta er tíunda árið í röð sem laxveiðin er undir langtímameðaltali en allt frá árinu 2012 hefur fjöldi laxa í veiðinni sveiflast mikið og einungis tvisvar sinnum farið yfir meðaltal (3. mynd).



3. mynd. Stangveiði á laxi í Laxá í Leirársveit frá 1985 – 2025. Lárétt lína sýnir meðaltal. Gögnin sýna aðeins sundurliðun í smálax/stórlax frá þeim tíma þegar byrjað var að skrá fiskgengd um teljarann í Eyrarfossi.


Veiði á urriða í Laxá 2025 (214 fiskar) meira en tvöfaldaðist á milli ára og var 41,7% yfir meðaltali (1987 – 2024). Þetta er mesta veiði á urriða í ánni á 20 ára tímabili en mikil lægð hefur einkennt veiðina frá árinu 2005 ef frá eru talin nokkur ár þegar veiðin var í kringum meðaltal (4. mynd).



4. mynd. Stangveiði á urriða í Laxá í Leirársveit frá 1987–2025. Lárétt lína sýnir meðaltal.

Laxveiði í Selósi 2025 (28 laxar) dróst mikið saman á milli ára en var 11,7% yfir langtímameðaltali (2009 – 2024; 25 fiskar). Veiði á urriða (35 fiskar) jókst hinsvegar frá árinu áður og var 34,6% yfir meðaltali (25 fiskar) (6.mynd).

Laxveiði í Þverá 2025 (21 fiskur) jókst á milli ára og var 25,0% yfir langtímameðaltali (2009 – 2024; 17 fiskar). Veiði á urriða (18 fiskar) jókst einnig á milli ára en var 23,7% undir langtímameðaltali (24 fiskar).




5. mynd. Stangveiði í Selósi og Þverá í Svínadal frá 2009 – 2025. Láréttar línur sýna meðaltöl lax og urriða.

3.2 Fisktalning og veiðihlutfall


Ganga laxfiska um myndavélar teljarann í Eyrarfossi var skráð frá 20. júní – 6. október (6. mynd). Nettó ganga upp fyrir teljarann (fjöldi fiska upp að fráðregnum fjölda niður) var 1.813 urriðar, 720 smálaxar og 157 stórlaxar (Tafla 4). Þrjá fiska var ekki hægt að greina hvort um sjóbirting eða lax var að ræða; tveir á uppleið og einn á niðurleið, þ.e. einn fiskur nettó (Tafla 5). Þetta er mesta ganga, bæði hjá urriða og laxi, sem skráð hefur verið frá því teljarinn var tekinn í notkun 2020 (Tafla 6).

Lengd laxa sem gengu um teljarann mældist á bilinu 31 – 99 cm en flestir smálaxanna voru á bilinu 55 – 69 cm og flestir stórlaxar á bilinu 70 – 80 cm auk nokkurra stærri (7. mynd). Stærð urriðanna var frá 20 – 83 cm og tví- eða þrítoppa dreifing sést á lengdardreifingunni. Algeng stærð hjá smæstu fiskunum


var frá 25 – 33 cm, síðan kom fjöldi fiska á bilinu 42 – 55 cm og töluvert var af urriða á bilinu 60 – 67 cm (8. mynd).



6. mynd. Heildarganga (upp og niður) laxfiska um teljarann í Eyrafossi í Laxá í Leirársveit 2025.



7. mynd. Lengdardreifing á laxi (nettó ganga) upp fyrir teljarann í Eyrafossi í Laxá í Leirársveit 2025.



8. mynd. Lengdardreifing á urriða (nettó-ganga) upp fyrir teljarann í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit 2025. Óþekkt = ekki greint á milli sjóbirtings og lax.

Helmingur urriðagöngunnar gekk upp fyrir teljarann í júlí og ríflega þriðjungur í ágúst. Af heildargöngu smálaxa var gangan mest í júlí og drjúg í ágúst. Stórlaxar gengu að megninu til í júlí (6. mynd; Tafla 5).

Tafla 5. Ganga laxfiska (nettó ganga) eftir mánuðum upp fyrir teljarann í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit 2025. Óþekkt=ekki greint á milli sjóbirtings og lax.

Mánuður	Óþekkt	%	Urriði	%	Smálax	%	Stórlax	%	Lax alls	%
Júní	0	0,0	42	2,3	9	1,3	10	6,4	19	2,2
Júlí	0	0,0	911	50,2	533	74,0	133	84,7	666	75,9
Ágúst	1	100,0	638	35,2	133	18,5	13	8,3	146	16,6
Sept	0	0,0	189	10,4	32	4,4	0	0,0	32	3,6
Okt	0	0,0	33	1,8	13	1,8	1	0,6	14	1,6
Samtals	1	100	1.813	100	720	100	157	100	877	100

Samanlögð stangveiði ofan teljarans (í Laxá; Selósi og Þverá) var 96 urriðar, 140 smálaxar og 35 stórlaxar (Tafla 6). Veiðihlutfall á urriða var eingöngu 5,3%; innan við helmingur af meðaltali árána 2020 – 2025. Ekki er hægt að fullyrða að allur urriði sem veiðist ofan teljarans sé úr göngunni um Eyrarfoss því um staðbundinn urriða getur verið að ræða. Veiðihlutfall á laxi var töluvert lægra en meðaltalið, bæði á smálaxi og stórlaxi (Tafla 6).

Tafla 6. Stangveiði, fisktalning og reiknað veiðihlutfall á vatnasvæðinu ofan teljarans í Eyrarfossi (2020 – 2025). Um er að ræða Laxá ofan við foss, Selós og Þverá.

Ár	Stangveiði ofan teljara				Fisktalning í Eyrarfossi				Veiðihlutfall (%)			
	Urriði	Smál	Stórl	Lax alls	Urriði	Smál	Stórl	Lax alls	Urriði	Smál	Stórl	Lax alls
2020	41	103	20	123	722	343	60	403	5,7	30,0	33,3	30,5
2021	83	140	22	162	673	624	50	674	12,3	22,4	44,0	24,0
2022	93	171	17	188	906	428	55	483	10,3	40,0	30,9	38,9
2023	111	94	8	102	670	525	82	607	16,6	17,9	9,8	16,8
2024	46	189	37	226	437	640	121	761	10,5	29,5	30,6	29,7
2025	96	140	35	175	1.813	720	157	877	5,3	19,4	22,3	20,0
Meðaltal	78	140	23	163	870	547	88	634	11,1	27,6	29,5	27,6

3.3 Hrognatölur

Reiknaður fjöldi laxahroga á svæðinu ofan við Eyrarfoss var 2,53 milljónir hroga sem gerir 23,3 hrogn/m² og var hlutfall stórlaxahroga 26,6% af heildarfjöldanum (Tafla 7). Samanlagður hrognafjöldi árið 2025 var sá langmesti sem reiknaður hefur verið frá árinu 2020 er myndavélateljari var tekinn í notkun í Eyrarfossi (Tafla 8). Bæði fjöldi smálaxa- og stórlaxahroga jókst á milli ára (Tafla 8).

Tafla 7. Hrognamagn reiknað á efra vatnasvæði Laxár í Leirársveit, ofan Eyrarfoss (Laxá, Selós og Þverá), haustið 2025. Laxagöngunni er skipt upp í hænga og hrygnur, bæði hjá smálaxi og stórlaxi. Afli (landaður fiskur) er veiði (skv. veiðiskráningu) að frádregnum löxum sem var sleppt. Eftirlifandi fiskar er gangan að frádregnum afla. Hrogn/m² er hrognafjöldi á hvern fermetra af botnfleti straumvatna á vatnasvæðinu ofan Eyrarfoss = 108.571 m².

Ofan Eyrarfoss	Smálax		Stórlax		Samtals
	Hrygna	Hængur	Hrygna	Hængur	
Laxaganga (fj)	303	417	64	93	877
Afli (fj)	5	13	0	0	18
Eftirlifandi fiskar (fj)	298	404	64	93	859
Hrogn (fj)	1.858.884		673.354		2.532.238
Hlutfall %	73,4		26,6		100
Hrogn/m ²	17,1		6,2		23,3

Tafla 8. Útreikningar á fjölda laxahroga ofan fiskvegarins í Eyrarfossi árin 2020 – 2025.

Ártal	Fjöldi hroga hrygnt í ána			Fjöldi hroga/m ²			Stórlaxa- hrogn (%)
	Smálax	Stórlax	Samtals	Smálax	Stórlax	Samtals	
2020	882.950	238.213	1.121.163	8,1	2,2	10,3	21,2
2021	1.391.307	245.258	1.636.565	12,8	2,3	15,1	15,0
2022	967.779	355.068	1.322.846	8,9	3,3	12,2	26,8
2023	1.321.307	452.102	1.773.410	12,2	4,2	16,3	25,5
2024	1.490.612	336.570	1.827.183	13,7	3,1	16,8	18,4
2025	1.858.884	673.354	2.532.238	17,1	6,2	23,3	26,6
Meðaltal	1.318.807	383.427	1.702.234	12,1	3,5	15,7	22,3

3.4 Hreistursýni

Fjöldi hreistursýna úr stangveiðinni á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2025 var afar lítil. Tíu sýnum var safnað úr laxveiðinni og nam sýnafjöldinn einungis 1,5% af heildarveiði. Sýnin voru öll af smálöxum (1 ár í sjó) sem höfðu dvalið ýmist tvö eða þrjú ár í ánni fyrir útgöngu og komu úr klakárgöngum 2021 - 2022 (Tafla 9).

Tafla 9. Niðurstöður rannsókna á hreistri af löxum úr Laxá í Leirársveit 2025. Kyn er tilgreint auk þess sem sýndur er aldur í ferskvatni og sjó auk klakárs.

Ferskvatnsaldur (ár)	Klakár	1 ár í sjó (smálax)			Alls	%
		Óþ	Hæ	Hr		
2	2022	1	2		3	30
3	2021	1	4	2	7	70
	Samtals	2	6	2	10	100

Einungis tveimur urriðasýnum var safnað og nam sýnafjöldinn 0,7% af heildarveiði á urriða. Ferskvatnsaldur (FA) var þrjú og fjögur ár og báðir fiskarnir höfðu gengið tvisvar sinnum til sjávar (SA) (Tafla 10).

Tafla 10. Niðurstöður rannsókna á hreistri af urriða (sjóbirting) úr Laxá í Leirársveit 2025. FA=ferskvatnsaldur í árum; SA=Sjávaraldur; þ.e. hve oft gengið í fæðuleit til sjávar. F+=stærð eftir ferskvatnsdvöl. S1=Stærð eftir 1.útgöngu. S2=stærð eftir 2. útgöngu.

Nr.	Veiðiskráning				Hreisturgreining		Bakreiknuð lengd (cm)		
	Dags.	Lengd	Þyngd	Kyn	FA:SA	Klakár	F+	S1	S2
1	27.6.2025	48	0	2	04:02	2019	21,3	34,7	45,0
2	27.6.2025	50	0	2	03:02	2020	19,3	36,0	47,0

3.5 Seiðamælingar

Í seiðamælingum ársins 2025 veiddust 535 laxaseiði af fjórum aldurshópum (Tafla 11) og 129 urriðaseiði, einnig af fjórum aldurshópum (Tafla 12). Jafnframt veiddust tvö sumargömul bleikjuseiði (meðallengd 4,5 cm) og þrjú hornsíli (aldur ógreindur; meðallengd 4,0 cm) (Tafla 13).

Meðallengd sumargömlu (0+) og tveggja vetra (2+) laxaseiðanna var lítillega meiri en langtímameðallengd aldurshópanna en veturgömlu (1+) seiðin voru 0,2 cm undir meðaltali og elstu seiðin (3+) voru 0,6 cm yfir meðaltali (Tafla 11; 9. mynd).

Tafla 11. Meðallengd (MI), fjöldi (Fj) og staðalfrávik lengdar (St.dev) aldurshópa laxaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 14. og 19. ágúst 2025.

Rafveiðistöð (nr)	Lax 0+			Lax 1+			Lax 2+			Lax 3+			Samtals
	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev	
1	4,5	8	0,16	6,3	24	0,33	8,0	9	0,45	9,8	1		42
2	4,0	16	0,48	6,2	29	0,40	8,7	10	1,25				55
3	4,1	56	0,29	6,6	26	0,75	10,1	4	1,18				86
4				7,0	10	0,49	8,9	1					11
6	5,0	88	0,53	9,0	22	1,10	13,8	2	0,49				112
6,8	3,9	62	0,35	6,4	41	0,67	9,0	10	0,58	11,3	4	0,73	117
7,5	4,0	51	0,28	5,9	21	0,71							72
8	4,0	19	0,26	6,3	5	0,33	9,2	2	0,71				26
9				5,9	11	0,52	7,7	3	0,93				14
Allar stöðvar	4,3	300	0,61	6,6	189	1,11	9,0	41	1,50	11,0	5	0,93	535





Meðallengd sumargömlu (0+) urriðaseiðanna var lítillega yfir langtímameðaltali og veturgömlu (1+) seiðin voru jöfn meðaltalinu. Jafnan koma fá eldri seiði fram í mælingum og samanburður við fyrri mælingar ekki tíundaður frekar (Tafla 12; 10. mynd).

Tafla 12. Meðallengd (MI), fjöldi (Fj) og staðalfrávik lengdar (St.dev) aldurshópa urriðaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 14. og 19. ágúst 2025.


Rafveiðistöð (nr)	Urriði 0+			Urriði 1+			Urriði 2+			Urriði 3+			Samtals
	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev	
1	4,7	3	0,15	7,5	4	0,78							7
2	4,3	5	0,30	6,9	9	0,55							14
3	4,4	34	0,42	6,9	2	0,14							36
4				7,1	4	0,52							4
6	5,8	20	1,07	11,4	2	0,49							22
6,8	4,4	21	0,54	7,8	8	0,73	12,7	1					30
7,5	4,7	2	0,35							11,0	1		3
8													0
9	4,1	8	0,82	7,3	1		10,8	3	0,45	12,5	1		13
Allar stöðvar	4,7	93	0,89	7,6	30	1,22	11,3	4	1,00	11,8	2	1,06	129

Tafla 13. Meðallengd (MI), fjöldi (Fj) og staðalfrávik lengdar (St.dev) aldurshópa bleikuseiða og hornsíla í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 14. og 19. ágúst 2025.

Rafveiðistöð (nr)	Bleikja 0+			Hornsíli (aldur ógr.)		
	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev
1						
2	4,5	2	0,42			
3				3,4	1	
4						
6				4,4	2	0,07
6,8						
7,5						
8						
9						
Allar stöðvar	4,5	2	0,42	4,0	3	0,55



9. mynd. Meðallengd aldurshópa laxaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit á árunum 1993 – 2025. Lárétt lína er meðaltal tímabilsin.



10. mynd. Meðallengd aldurshópa urriðaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit á árunum 1993 – 2025. Lárétt lína er meðaltal tímabilsin.





Seiðavísitala sumargamalla (0+) og veturgamalla (1+) laxaseiða var í báðum tilfellum lítillega lægri en meðaltalið (1993 – 2025) (Tafla 14; 11. mynd). Vísitala tveggja vetra (2+) seiðanna var langt undir meðaltali en lítill meðalþéttleiki mælist jafnan af þriggja (3+) vetra laxaseiðum á vatnasvæðinu.

Seiðavísitala sumargamalla (0+) urriðaseiða var lítillega undir meðaltali (1993 – 2025) og vísitala veturgömlu (1+) seiðanna var lítillega yfir meðaltali (Tafla 14; 12. mynd). Lítil meðalþéttleiki mælist jafnan af eldri urriðaseiðum á vatnasvæðinu.



Vísitala bleikjuseiðanna var 0,2/100 m² að meðaltali og vísitala hornsílnanna var 0,2/100 m² (Tafla 14).

Tafla 14. Seiðavísitala (fjöldi seiða/100 m²) laxa, urriða, bleikja og hornsíla í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 14. og 19. ágúst 2025. Meðaltal stöðva er sýnt eftir árgöngum og fyrir tegundina í heild.

Rafveiði- stöð (nr)	Svæði m ²	Lax					Urriði					Bleikja	Hornsíli
		0+	1+	2+	3+	Samtals	0+	1+	2+	3+	Samtals	0+	Óvíst
1	157	5,1	15,3	5,7	0,6	26,7	1,9	2,5	0,0	0,0	4,5	0,0	0,0
2	115	13,9	25,3	8,7	0,0	47,9	4,4	7,8	0,0	0,0	12,2	1,7	0,0
3	152	36,7	17,1	2,6	0,0	56,4	22,3	1,3	0,0	0,0	23,6	0,0	0,7
4	108	0,0	9,3	0,9	0,0	10,2	0,0	3,7	0,0	0,0	3,7	0,0	0,0
6	136	64,6	16,1	1,5	0,0	82,2	14,7	1,5	0,0	0,0	16,1	0,0	1,5
6,8	134	46,4	30,7	7,5	3,0	87,6	15,7	6,0	0,7	0,0	22,5	0,0	0,0
7,5	184	27,7	11,4	0,0	0,0	39,1	1,1	0,0	0,0	0,5	1,6	0,0	0,0
8	105	18,1	4,8	1,9	0,0	24,8	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
9	130	0,0	8,5	2,3	0,0	10,8	6,2	0,8	2,3	0,8	10,0	0,0	0,0
Meðaltal stöðva		23,6	15,4	3,5	0,4	42,9	7,4	2,6	0,3	0,1	10,5	0,2	0,2



11. mynd. Seiðavísitala (fj/100 m²) aldurshópa laxaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 1993 – 2025. Lárétt lína er langtímameðaltal (mt) (1993 – 2024). Athugið mismunandi kvarða á y – ás.



12. mynd. Seiðavísitala (fj/100 m²) aldurshópa urriðaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit á árunum 1993 – 2025. Lárétt lína er langtímameðaltal (1993 – 2024). Athugið mismunandi kvarða á y – ás.


Holdastuðull (K) bleikjuseiða var 0,92 að meðaltali, hjá laxaseiðum 1,05 og hjá urriðaseiðum 1,08. Holdastuðullinn lýsir seiðum í góðum holdum.

Tafla 15. Meðaltals holdastuðull (K) aldurshópa laxa-, urriða- og bleikjuseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 14. og 19. ágúst 2025.

Ferskvatns- aldur (ár)	Bleikja			Lax			Urriði		
	K	Fjöldi	St.dev.	K	Fjöldi	St.dev.	K	Fjöldi	St.dev.
0+	0,92	2	0,03	1,05	284	0,12	1,08	79	0,13
1+				1,05	181	0,08	1,08	30	0,06
2+				1,06	40	0,07	1,07	2	0,00
3+				1,07	5	0,06	1,13	2	0,06
Alls	0,92	2	0,03	1,05	510	0,10	1,08	113	0,11

3.6 Vatnshiti

Vatnshitamælingar í Laxá í Leirársveit árið 2025 ná yfir tímabilið janúar til og með september. Mánaðarmeðaltöl tímabilsins voru í öllum tilfellum, að janúar undanskildum, yfir langtímameðaltali (2003 – 2025). Mest var jákvætt frávik frá meðalhita í maí (+2,11°C), næst mest í apríl (+1,42°C) og þriðja mest í júlí (+1,16°C). Júní var lítillega yfir meðaltali (+0,34°C), í ágúst mældist frávikíð +0,89°C og í september +0,56°C (13. mynd).



13. mynd. Frávik vatnshita (°C) í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit (mánaðarmeðaltöl) frá meðalvatnshita á mánuði tímabilið 2003 – 2025.

Umræður

Í bráðabirgðatölum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu kemur fram að stangveiði á villtum laxi í ám á Íslandi árið 2025 hafi dregist saman um 33% á milli ára og var einnig um 33% undir meðalveiði frá 1974 (Hafrannsóknastofnun, 2025; Guðni Guðbergsson 16. febrúar 2026). Hér er átt við stangveiði þegar búið er að undanskilja fjölda laxa úr hafbeitarleppingum en ekki hefur verið leiðrétt fyrir þeim fjölda laxa er kunna að veiðast aftur eftir að hafa verið veitt og sleppt. Laxveiðin í Laxá í Leirársveit 2025 var í takt við þessar niðurstöður og var u.þ.b. 30% minni en árið 2024 og um 36% undir meðalveiði (1974 – 2025). Miklar sveiflur hafa einkennt laxveiðina á landinu öllu í á annan áratug (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2025). Fjöldi laxa sem gengur í árnar ár hvert er m.a. háður fjölda gönguseiða sem halda til sjávar árin á undan og afdrifum þeirra í sjávardvölinni. Almennt hefur dánartala laxa í sjó í Norður Atlantshafi farið vaxandi og eru ástæður þess ekki fyllilega þekktar. Þó má nefna að sýnt hefur verið fram á að hitafar sjávar er einn af lykilþáttum í laxgengd og laxveiði hverju sinni (Olmos ofl., 2020).

Mikil lægð hefur verið í laxveiðinni á landsvísu síðasta áratuginn og var veiðin 2025 sú minnsta sem skráð hefur verið til þessa á villtum laxi frá 1974 (bráðabirgðatölur Hafrannsóknastofnunar). Í Laxá hefur laxveiðin á síðast liðnum áratug oftast nær verið langt undir meðalveiði sem er 938 fiskar (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2025). Nokkur bati kom í veiðina á árunum 2021 (850 fiskar), 2022 (795) og 2024 (861) og eru það bestu veiðiárin frá árinu 2015 en þá veiddust rúmlega 1.100 laxar. Minnsta skráða veiðin í ánni voru 359 laxar árið 2019. Á liðnum áratug hefur niðurdrátturinn í laxveiðinni í Laxá að hluta til verið rakinn til affalla á seiðum sem talið var að hafi orðið í kjölfar breytinga sem gerðar voru á grjóttgarði við útfall Eyrarvatns árið 2010 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2017). Garðurinn var færður í fyrra horf árið 2016 og í kjölfarið þykir sýnt að seiðaframléiðsla hafi tekið við sér aftur (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2022). Minni gönguseiðaframléiðsla um árabíl og breytileg afdrif í sjávardvölinni virðast hafa komið illa niður á laxgengd í Laxá síðasta áratuginn.

Þrátt fyrir litla veiði í Laxá 2025 var fjöldi laxa sem gekk upp fyrir teljarann í Eyrarfossi sá mesti (877 fiskar) frá árinu 2020 er myndavéarteljari var tekinn í notkun. Þetta er ekki eina dæmið um þokkalega göngu 2025 sem endurspeglar svo ekki í veiðinni. Til dæmis var góð ganga í Elliðaánum þrátt fyrir að veiðin hafi verið undir meðaltali (Jóhannes Sturlaugsson, 2026). Á tímabilinu 2020 - 2025 hefur veiðihlutfall á laxi á svæðinu ofan Eyrarfoss sveiflast frá tæplega 17% (2023) upp í tæp 39% (2022) og var 20% árið 2025 sem er annað lægsta á tímabilinu. Algjört met var í urriðagöngunni upp fyrir Eyrarfoss eða rúmlega 1.800 fiskar sem gengu upp fyrir teljarann, tvöfalt fleiri en þegar mest var árið 2022. Veiðihlutfall á urriða er langtum minna en á laxi og var lægst 5,3% (2025) en hæst 16,6% (2023). Skráningu á veiðinni í vötnunum þremur í Svínadal er ábótavant og er skýrslum ekki skilað til Hafrannsóknastofnunar. Reikna má með að uppistaða veiðinnar í vötnunum sé urriði en vitað er að lax getur veiðst þar líka. Við tegundagreiningu og skoðun á myndum úr teljaranum sáust engir laxar með útlitseinkenni eldislaxa.

Svæðið fyrir ofan Eyrarfoss hefur að geyma rúmlega fjórðung af heildarflatarmáli aðgengilegra búsvæða fyrir laxfiska í straumvatni á vatnasvæðinu öllu (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2013). Þetta svæði er mjög mikilvægt fyrir hrygningu og nýliðun laxastofnsins á vatnasvæðinu og hefur hrygning laxa ofan við Eyrarfoss verið reiknuð frá 2020 og var nú langtum meiri

en undanfarin ár eða um 23 hrogn/m². Viðmiðunarmörk fyrir hrygningu laxa hafa ekki verið metin í Laxá vegna óvissu í tegundagreiningum milli laxa og urriða í eldri gerð teljara sem veldur mikilli óvissu um hrognþéttleika fyrir komu myndavélar.

Talsverð hlýindi einkenndu íslenska veðráttu sumarið 2025 og löng hitabylgja setti mark sitt á veðurfarið í maí (Veðurstofa Íslands, 2026a, b, c, d, e). Áhrif hlýindanna koma glögg fram í vöktunarneti Hafrannsóknastofnunar á vatnshita í ám á Vesturlandi (óbirt gögn). Mánaðarmeðaltal vatnshita í Laxá í maí var 2,11°C yfir langtímameðaltali (2003 – 2025). Svipuð niðurstaða kom fram við Glanna í Norðurá og var meðalhiti maímánaðar 2,28°C yfir langtímameðaltali (2012 – 2025). Meðalvatnshiti mánaðanna yfir sumartímamann að september meðtöldum var vel yfir meðaltali en minnst var frávikið í júní. Mikil viðsnúningur á sér stað frá sumrinu 2024 sem var með kaldari sumrum síðan vöktun hófst.

Víða voru meðallengdir seiða í hærra lagi sumarið 2025 sem eflaust er hægt að rekja til hlýindanna og í mörgum ám var mikill munur á stærð 0+ seiðanna 2025 samanborið við stærð sama aldurs hóps 2024 þegar kalt var í veðri og vöxtur hægari (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson, 2026a; 2026b). Þannig voru til að mynda sumargömul (0+) seiði í Laxá 2025 0,5 cm lengri að meðaltali en árið 2024. Athygli vekur þó að meðallengd sumargamalla laxaseiða árið 2025 var eingöngu 0,1 cm yfir langtímameðaltali og veturgömlu (1+) seiðin voru 0,2 cm undir langtímameðaltali en hafa þarf í huga að sá seiðahópur var langt undir meðaltali árið 2024, þá sem sumargömul (0+) seiði. Sumarið 2024 var með köldustu sumrum frá upphafi vöktunar sem hefur valdið seinkun á klaki og hægum vexti. Því hefur verið minni munur á lengd yngstu tveggja árganganna sumarið 2025 sem getur valdið óvenjumikilli skörun í fæðuvali og búsvæðanotkun og því meiri samkeppni milli árganga. Þessi samkeppnisáhrif hafa hugsanlega valdið hægari vexti í Laxá þar sem þéttleiki klakárgangs 2024 var mikill, samanborið við vöxt seiða í ám þar sem þéttleiki klakárgangs 2024 var lítill (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson, 2026a; 2026b).

Á undanförunum árum hefur verið hvatt til þess að safna hreistri af fiskum úr stangveiðinni í Laxá, bæði af laxi og urriða. Með aldursgreiningu á hreistri er unnt að meta aldur í ferskvatni, fjölda ára í sjávardvölinni og hvort lax sé á endurtekinni hrygningu. Mælingar á hreistri gefa möguleika á að reikna út sjávarvöxt og gefa þær upplýsingar mynd af vaxtarskilyrðum í sjávardvölinni. Einungis 10 hreistursýnum var safnað af laxi og tveimur af urriða árið 2025. Ekki fást marktækar upplýsingar um líffsögulega þætti laxastofnsins með þetta lítið sýnaúrtak. Laxá í Leirársveit er hluti af vöktunarneti Hafrannsóknastofnunar um mögulega erfðablöndun af völdum laxa úr sjókvíaeldi og er myndavélar teljari m.a. notaður í þeim tilgangi, að bera kennsl á eldisfiska út frá útlitseinkennum. Með aldursgreiningu á hreistri er hægt að greina laxa af eldisuppruna þar sem ferskvatnsaldur þeirra er einungis eitt ár en til samanburðar má nefna að ferskvatnsaldur seiða af náttúrulegu klaki í Norðurá í Borgarfirði og Langá á Mýrum er oft á bilinu 2 – 5 ár þó algengastur sé hann 3 – 4 ár (Ásta Kristín Guðmundsdóttir ofl., 2025b); Sigurður Már Einarsson ofl., 2025). Hreistur geymir einnig erfðaupplýsingar um fiska og getur markviss hreisturssöfnun verið þýðingamikil í ljósi erfðafræðirannsókna á laxastofnum á Íslandi.

Víða er hlutdeild þess að veiða og sleppa orðin há í íslenskum laxveiðiám og samhliða því hefur þróunin orðið sú að minna er tekið af hreistri úr veiðinni. Að taka eingöngu sýni af þeim fiskum sem er landað gefur skakka mynd af samsetningu stofnsins. Lögð er áhersla á að safna einnig hreistri af lifandi löxum, bæði smálaxi og stórlaxi, sem sleppt er í veiðinni. Það er vel framkvæmanlegt en sýna þarf varkárni í vinnubrögðum (Viðauki 1).

Ráðgjöf

Lagt er til að veiðistjórnun á laxi verði óbreytt í Laxá í Leirársveit þar sem seiðatölur, veiðihlutfall og stærð göngunnar gefa til kynna að nýtingin sé með sjálfbærum hætti.

Veiðihlutfall á urriða / sjóbirtingi mælist lágt í Laxá. Mögulegt er að leggja aukna áherslu á þá tegund í nýtingu og markaðsetningu veiðileyfa. Í fiskteljara sést að sjóbirtingur gengur snemma í ána og margir þeirra eru í sambærilegri stærð og laxarnir og því ekki síðri til sportveiða.

Hvatt er til aukinnar söfnunar á hreistri af stangveiddum fiskum, bæði laxi og urriða. Lögð er áhersla á að taka einnig hreistur af lifandi fiskum (veitt og sleppt), þar með talið stórlöxum.

Minnt er á mikilvægi veiðiskráningar og eru veiðiréttarhafar í vötnunum í Svínadal hvattir til þess að skila veiðiskýrslum til Hafrannsóknastofnunar. Á veiðisvæðum þar sem stunduð er stangaveiði í vötnum eða netaveiði er hægt er að leyfa magnskráningu í rafrænni veiðiskráningu Hafrannsóknastofnunar (veidibok.hafogvatn.is), þ.e. að skrá fjölda fiska og heildarþyngd í stað einnar skráningar fyrir hvern fisk.

Þakkarorð

Sigurði Sigurðssyni formanni Veiðifélags Laxár í Leirársveit er þakkað gott samstarf. Hallfreður Vilhjálmsson, Haukur Dalmann Jensson og Haraldur Rafn Ingvason fá þakkir fyrir aðstoð við uppsetningu og frágang á teljarabúnaði og Haukur Georgsson fyrir aðstoð við seiðarannsóknir. Friðþjófur Árnason las yfir skýrsluna og fær þakkir fyrir gagnlegar ábendingar.

Heimildir

- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson. (2026a). Vöktun laxa- og bleikjustofna á vatnasvæði Hörðudalsár 2025. Hafrannsóknastofnun. HV 2026-05. 21 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson. (2026b). Fiskirannsóknir á vatnasvæði Flekkudalsár 2025. Hafrannsóknastofnun. HV 2026-06. 20 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson. (2011). Laxá í Leirársveit 2010. Seiðabúskapur, göngur og laxveiði. Veiðimálastofnun. VMST/11023. 18 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson. (2013). Skipting framleiðslueininga milli jarða vegna búsvæðamats í straumvatni á vatnasvæði Laxár í Leirársveit. Veiðimálastofnun. VMST-G/13004. 7 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson. (2017). Fiskirannsóknir í Laxá í Leirársveit 2016. Seiðabéttleiki, göngur og veiði. Hafrannsóknastofnun. HV 2017-19. 19 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Sigurður Már Einarsson og Jóhannes Guðbrandsson. (2020). Fiskirannsóknir á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2019. Hafrannsóknastofnun. HV 2020-25. 35 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson. (2021). Fiskirannsóknir á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2020. Hafrannsóknastofnun. HV 2021-12. 31 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson. (2022). Fiskirannsóknir á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2021. Hafrannsóknastofnun. HV 2022-02. 27 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Jóhannes Guðbrandsson og Sigurður Már Einarsson. (2025a). Vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2024. Vöktun á stofnum laxfiska. Hafrannsóknastofnun. HV 2025-12. 29 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Jóhannes Guðbrandsson og Sigurður Már Einarsson. (2025b). Norðurá í Borgarfirði 2024. Vöktun á stofnum laxfiska. Hafrannsóknastofnun. HV 2025-15. 27 bls.
- Bagenal, T.B. and Tesch, F.W. (1978). Age and Growth. Í: T. Bagenal (ritsjt.). Methods for Assessment of Fish Production in Fresh Waters. Blackwell Scientific Publications. Oxford. Þriðja útgáfa. bls.101-136.
- Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson. (2025). Lax- og silungsveiðin 2024. Salmon, trout and charr catch statistics 2024. Hafrannsóknastofnun og Fiskistofa. Júní 2025. HV 2025-28. 37 bls.
- Hafdís Hauksdóttir. (1999). Fiskvegir á Íslandi. Fjöldi þeirra, virkni og opnun á búsvæðum laxa. Hvanneyri. Aðalritgerð við Búvísindadeild. 33 bls.
- Hafrannsóknastofnun. (2025, 17. október). Bráðabirgðatölur fyrir stangveiði á laxi sumarið 2025. <https://www.hafogvatn.is/is/midlun/frettir-og-tilkynningar/bradabirgdatolur-fyrir-stangveidi-a-laxi-sumarid-2025>
- Jóhannes Sturlaugsson. (2026). Elliðaár 2025 – Rannsóknir á fiskistofnum vatnakerfisins. Laxfiskar. 31 bls.
- Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson og Ingi Rúnar Jónsson. (2014). Fiskgöngur og seiðarannsóknir í Grenlæk árin 2011 og 2013. Veiðimálastofnun. VMST/14042. 25 bls.
- Olmos M., Payne M.R., Nevoux M., Prévost E., Chaput G., Du Pontavice H., Guitton J., Sheehan T., Mills K. og Rivot E. (2020). Spatial synchrony in the response of a long range migratory species (*Salmo salar*) to climate change in the North Atlantic Ocean. *Glob Change Biol.* 26:1319–1337 <https://doi.org/10.1111/gcb.14913>

- Ragnar Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson, Agnar Steinarsson og Jón Hlöðver Friðriksson. (2017). Áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi. Haf- og vatnarannsóknir. HV 2017-027. 38 bls.
- Sigurður Már Einarsson. (1998). Mat á búsvæðum fyrir lax á vatnasvæði Laxár í Leirársveit. Veiðimálastofnun. VMST-V/9813X. 12 bls.
- Sigurður Már Einarsson, Jóhannes Guðbrandsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir. (2025). Langá á Mýrum. Vöktun á stofnum laxfiska. Hafrannsóknastofnun. HV 2025-04. 31 bls.
- Sigurjón Rist. (1990). Vatns er þörf. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík.
- Veðurstofa Íslands. (2026a). *Tíðarfar í maí 2025*. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-mai-2025>
- Veðurstofa Íslands. (2026b). *Tíðarfar í júní 2025*. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-juni-2025>
- Veðurstofa Íslands. (2026c). *Tíðarfar í júlí 2025*. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-juli-2025>
- Veðurstofa Íslands. (2026d). *Tíðarfar í ágúst 2025*. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-agust-2025>
- Veðurstofa Íslands. (2026e). *Tíðarfar í september 2025*. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-september-2025>
- Þórólfur Antonsson, Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson. (2002). Veiðialag, stærð hrygningarstofns og nýliðun í litlum ám. Veiðimálastofnun. VMST-R/0204. 31 bls.

Viðauki 1. Hreistur tekið af lifandi fiski.

Upplýsingar fengnar af heimasíðu Hafrannsóknastofnunar 4. febrúar 2026 á slóðinni:

<https://www.hafogvatn.is/is/rannsoknir/stangveidi/hreistursynataka>

Þegar hreistur er tekið af fiskum sem sleppt er til lífs er mikilvægt að gera það af varkárni. Hreistrið er ávallt tekið rétt aftan bakugga, ofan hliðarrákar. Nokkur atriði eru nefnt hér sem sérstaklega þarf að huga að:

1. Lyfta fiskinum sem minnst frá vatni.
2. Mæla lengd fisksins með málbandi (ekki er mælt með því að vigta fiska sem sleppt er til lífs).
3. Veiðimaður skal hafa hröð og örugg vinnubrögð.
4. Renna hnífsoddi á móti legu hreisturs til að losa hreisturplötturnar af.
5. Passa vel að skera ekki í roð fiskins eða særa hann á meðan hreistri er safnað (einnig hægt að nota pinsettu/flísatöng), en við það skapast sýkingarhætta.

Minnt er á að vanda merkingar á sýnatökupokann og skrá allar helstu upplýsingar um fiskinn, þ.e. kyn, þyngd, lengd, dagsetningu veiðinnar (dagur-mán-ár) og veiðistað. Einnig er mælt til þess að skrá aðrar upplýsingar ef við á, t.d. ef fiskur er merktur, ummerki er um lús, sár á fiski eða grunur um eldiseinkenni.


Viðauki 2. Heiti og staðsetning stöðva í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit árið 2024.

Stöð nr	Vatnsfall	Lýsing	N°	W°
1	Draghálsá	Neðan við bæinn Dragháls	64,48105	-21,49880
2	Kúvallará	Á móts við skemmu á Þórisstöðum	64,43607	-21,56059
3	Þverá	Neðan við brú, keyrt inn á tún	64,45011	-21,53263
4	Glamastaðaá	U.þ.b. 100 m ofan við brú.	64,44349	-21,58042
6	Laxá	U.þ.b. 140 m neðan við affall Eyrarvatns	64,43182	-21,62883
6,8	Laxá	F.n. Grjótá	64,42772	21,64796
7,5	Laxá	F.n. Eyri (nýleg stöð)	64,42696	-21,21677
8	Laxá	Keyrt niður að veiðistaðnum Steinholtskvörn	64,41317	-21,78643
9	Skarðsá	U.þ.b. 200 m neðan við veg.	64,42247	-21,77473
	Laxá	Fiskvegur, teljari og hitamælir í Eyrarfossi	64,42836	-21,66126
	Laxá	Miðfellsfljót - rennslismæling	64,41656	-21,76343


Viðauki 3. Stangveiðin í Laxá í Leirársveit 2025 sundurliðuð eftir veiðistöðum og tegundum.

Nr	Heiti veiðistaðar	Bleikja	Hnúðlax	Lax	Urriði
2	Klapparhylur			1	1
6	Mjóhylur			7	2
10	Stekkjarnesstrengur			3	
20	Grettisbreiða			1	2
30	Grettisstrengir			2	
40	Vaðstrengur III			2	1
44	Vaðstrengur II	1			4
46	Vaðstrengur I	1	3	48	30
50	Laxfoss			17	30
60	Kleifarstrengur			2	
80	Kattafossar			1	
100	Ljónið			29	11
110	Sunnefjufoss			10	5
120	Jónsstrengir			4	7
140	Klapparstrengur			2	
150	Merkjastrengir II			15	
160	Merkjastrengir I			10	1
170	Steinsholtskvörn			20	2
174	Klökkur			2	
180	Ármót			2	
190	Tungufljót			10	2
200	Urðarstrengur			12	1
210	Miðfellsfljót			150	45
220	Túnstrengur				1
224	Grjóttakvörn	1		9	1
230	Lukkupollur			5	
240	Kríuhylur			6	2
244	Narfakotsstrengur			1	1
250	Laxhylur			11	7
252	Staurinn			1	
254	Neðri Skeifan			5	
256	Efri Skeifan			36	5
260	Gránesfljót			2	8
270	Krókur			3	
280	Bakkastrengur			12	1
282	Símon	3		13	5
284	Laxeyri			1	
289	Merkjarennur I			1	
294	Kvíastrengur			10	
300	Eyrafoss			1	1
310	Kvörninn			5	2
314	Beygjan			4	1
320	Hringir			32	13
324	Nautastrengur			1	1
330	Holan			25	8
340	Tjaldhylur			20	5
350	Krummastrengur			15	6
360	Breiðan			29	2
	Samtals	6	3	598	214

Viðauki 4: Lengdardreifing tegunda í stangveiðinni á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2025




Viðauki 5. Stangveiðin í Laxá í Leirársveit 2025 tekin saman eftir tegundum og vikuveiði.




Viðauki 6: Lengdardreifing laxa- og urriðaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2025.

Laxaseiði:



Urriðaseiði:





HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna